



Rosie Stefánsson

Rosie Stefánsson fæddist í Aklavik í Kanada árið 1933. Hún lést í Inuvik 20. júlí sl. Foreldrar hennar voru inúitinn Mabel og Alex, sonur Vilhjálms Stefánssonar, mannfræðings og landkönnuðar, og Fannýar Pannigablúk, inúíta frá Alaska. Rosie giftist indjábanum Frank Albert árið 1958. Þau ættleiddu tvo drengi. Rosie starfaði lengi við hjúkrun, kennslu og mannúðarstörf. Systkini hennar voru Shirley, Alexander, Frank, Willie og Georgina. Af þeim lifa Alex og Georgina.

Rosie Stefánsson var fyrsta barn foreldra sinna, fædd árið 1933. Faðir hennar, Alex, fæddist í öðrum leiðangri Vilhjálms Stefánssonar. Amma hennar, Pannigablúk, bjó með Vilhjálmi um skeið og aðstoðaði hann við heimildaöflun og túlkun. Lengst af bjó Stefánssonfjölskyldan í bæjunum Aklavik, Sachs Harbor eða Inuvik. Rosie og systkini hennar fimm gengu í heimavistarskóla og hafa síðan unnið við ýmis störf. Öll voru systkinin tvítyngd. Stefánssonfjölskyldunni vegnaði vel framan af. Þau eignuðust eigin seglbát og ferðuðust árstíðabundið um nágrenni Herscheleyju og á Mackenziesvæðinu, ýmist við veiðar eða flutninga.

Til stóð að Rosie kæmi til Íslands árið 2003. Þegar til kom varð hún þó að sitja heima af heilsufarsástæðum og þótti henni það mjög miður. Georgina systir hennar hljóp í skarðið og tóku ættingjar hennar á Íslandi vel á móti henni. Árið 2011 var Rosie og Georginu boðið að sitja ársþing Vestur-Íslendinga í Edmonton. Á vissan hátt var Rosie sendiherra Stefánssonfjölskyldunnar. Oft var leitað til hennar sem „sonardóttur Vilhjálms“. Hún saumaði í frístundum og mikið orð fer af listilegu handverki hennar. Síðustu árin átti Rosie við heilsubrest að stríða. Hún lést úr hjartaáfall 20. júlí eftir nokkra sjúkragegu.

Ég átti þess kost að eiga löng og lærdómsrík samtöl við Rosie á heimili hennar í Inuvik fyrir rúmum áratug, þegar ég vann að ritun ævisögu afa hennar, Frægð og firnindi. Rosie var fús að rifja upp bernsku sína og varpaði skæru ljósi á sögu inúíta og líf og starf Vilhjálms á inúítaslóðum. Þau erfðu slilyrði sem inúítum voru búin á uppvakstarárum hennar mörkuðu líf hennar, en hún lét þau ekki buga sig. Hún var sterk og áhrifarík persóna, vissi hvað hún vildi, fylgdi því eftir og lét margt gott af sér leiða.

Rosie bjó yfir miklum frásagnarhæfileikum. Stundum átti hún það til í samtölum við fólk að skipta snögglega um ham, bregða sér í hlutverk sögumanns að hætti shamana, eins og hún stæði á leiksviði, og fanga athygli þeirra sem á hana hlýddu. Hún var leikari og kennari af guðs náð, kom oft fram opinberlega og hafði mikil áhrif á ungt fólk í sinni heimabyggð og víðar. Rosie hlaut margs konar viðurkenningu fyrir framlag sitt til varðveislu tungumáls inúíta (inuvialuktun) og menningar. Hennar er sárt saknað og verk hennar munu lengi tala.

Gísli Pálsson

